



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 - Veffang www.hsl.is - Netfang hsl@hsl.is - Kennitala 480284-0549

Bréf til aðildarsveitarfélaga á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Selfossi, 29. nóvember 2023
2311095HS SG

Efni: Bréf til sveitarfélaga vegna fráveitumannvirkja í þéttbýli

Umhverfisstofnun hefur kallað eftir því að meiri gangur verði settur á fullnægjandi frágang og umgjörð um leyfismál fráveitna í þéttbýli á Suðurlandi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bent á að skynsamlegt gæti verið að bíða eftir að út kæmi ný fráveitureglugerð, en með því móti væri verið að miða úrlausnir við framtíðarkröfur, en ekki reglur sem eru við það að falla úr gildi. Staðan er nú sú liðlega 10 árum eftir að endurskoðun á umræddri fráveitureglugerð hófst, að fátt bendir til þess að hún sé í þann mund að birtast.

Það verður vart undan vikist að bíða lengur eftir nýrri reglugerð. Nokkur þéttbýlissvæði á Suðurlandi hafa þegar gild starfsleyfi, en áhöld eru um hvort fyrir liggja nægilega ítarlegar upplýsingar um fráveituna og er því hér farið fram á að teknar verði saman upplýsingar sem um ræðir oskv. neðangr. lista og eftir atvikum annað sem við á. Upplýsingarnar verði sendar inn fyrir 15. febrúar 2024.

Jafnframt er farið fram á að sótt verði um starfsleyfi fyrir allar fráveitur í þéttbýli hvort sem hreinsikerfi séu fyrir hendi eða ekki fyrir 15. febrúar 2024.

Listi yfir upplýsingar sem er óskað eftir að fylgi;

1. yfirlit um núverandi útrásir.
2. magn og gerð fráveituvatns.
3. fyrirkomulag fráveitukerfis þ.e. hvar það er tvöfalt,
4. hreinsivirki þar sem þau eru til staðar.
5. tímasettar áætlanir um endurbætur.
6. athugasemdir og yfirferð tæknimanna sveitarfélaganna við þau samræmdu drög að starfsleyfisskilyrðum sem fylgja hér með.

Um leið og komin er umsókn frá sveitarfélögunum þá eru málin komin í farveg og það kemur í hlut Heilbrigðisnefndar að vinna málið áfram m.a. að taka tilliti til þeirra úrbótaáætlana sem fylgja umsókn.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri